

## Reynslusaga LC-konu varðandi ófrjósemi.

Frá því að ég byrjaði fyrst á blæðingum hefur tíðarhringurinn minn alltaf verið í einhverju rugli. Ég veitti því enga sérstaka athygli fyrr en ég var komin yfir tvítugt og fór að hugsa um barneignir. Síðan kynntist ég manninum mínum og vissi fáránlega fljótt að með þessum manni langaði mig að fjölga mér með. Þá hefst ferlið við að koma tíðarhringnum á rétt ról. Í þessum pistli langar mig til að segja frá minni reynslu af ófrjósemi og hvernig það hefur haft áhrif á mig og okkur hjónin.

Ég byrjaði á því að fara til kvensjúkdómalæknis til þess að spyrja hann hvernig ég ætti að standa í þessum málum. Ég væri orðin 24 ára gömul og hafði aldrei verið með reglulegan tíðarhring án pillunnar, hafði ekki verið á pillunni í hartnær 3 ár og langaði nú að koma hringnum í samt stand þar sem barneignir væru á næsta leiti. Til þess að gera fjögurra ára sögu frekar stutta þá var ég sett á ógrynni hormóna til að koma hringnum í samt lag. Ekki öll í einu og það var reglulega skipt og reynt að sjá hvort einhver lyf myndu ekki virka betur heldur en hin. Mjög snemma í þessu ferli var mér sagt að ég væri of þung og það væri sennilega ástæðan fyrir því að tíðarhringurinn væri ekki á réttu róli. Þessar upplýsingar voru svo sem engar fréttir þar sem ég hef alltaf verið of þung og yrði sennilega aldrei nein ballerína, nema þá bara andleg. Það var síðan 2017 sem að kvensjúkdómalæknirinn minn sagst ekki geta gert neitt meira fyrir okkur. Hann var búin að opna á mér kviðinn og blása út eggjaleiðarana til að veita eggjunum betra flæði til að komast í legið, jú hann greindi mig með PCOS eða fjölblöðrueggjastokkaheilkenni. Það var reyndar mjög flott að sjá í einni ómskoðuninni þar sem við gátum séð öll eggin mín raðast á eggjaleiðarann eins og perlufesti, þarna sátu þau bara föst og komumst hvorki lönd né strönd, eggin mín.

2017 fórum við í fyrsta viðtalið okkar hjá Livio, sem sérhæfir sig í tæknifrjóvgunum. Það var í fyrsta viðtalinu við sérfræðing sem kom eins og blaut tuska í andlitið á mér og ég var viss um barnaeyndraumurinn minn væri ennþá lengra í burtu en ég hafði gert ráð fyrir. Í þessum fyrsta viðtalstíma í höfuðborginni voru ræddir ýmsir möguleikar varðandi okkur. Það virtist eins og allt væri í góðu lagi og því vildi læknirinn að við myndum prófa hormónameðferð þar sem ég myndi fá lyf til að örva eggin í þokkalega stærð og sprauta mig síðan með sprautu sem myndi losa eggid og síðan myndu við hjónin bara eiga gæðastund heima. Hljómar

nokkur einfalt, auðvelt og skemmtilegt. En áður en við kvöddum lækinn þá sagði hann mér að áður en við gætum farið í eitthvað ferli af viti þá yrði ég að leggja af. Ástæðan fyrir minni ófrjósemi væri vegna þess að ég væri hreinlega of þung.

Það var þarna sem ég missti allt kúl og brotnaði saman.

Ég sagði við hann að ég væri ekki að koma suður til Reykjavíkur með manninum mínum og borga mörg þúsund krónur í ferðalag ásamt því að borga mörg þúsund krónur fyrir þennan sérfræðiviðtalstíma bara til þess að heyra að **ég væri of feit!!** Hvað heldur hann að allir hinir lækarnir séu búnir að vera að segja mér? Hvað heldur hann að ég hafi verið að gera síðustu fjögur ár? Ég vissi mæta vel að ég væri of þung en ég væri að öllum líkindum heilbrigðari heldur en flestir hans sjúklingar. Ég klifi fjöll á sumrin, stundaði zumba, færi út að hlaupa, færi reglulega á hestbak og færi alltaf í sund. Mataræðið mitt væri fjölbreytt þar sem ég borðaði allt á milli himins og jarðar, þá er ég að meina fjölbreytnina ekki allt sem væri fyrir framan mig 😊 og að lokum þá hefði ég aldrei haft neina lífstílstengda sjúkdóma, nema við teldum ófrjósemina með. Ég væri hraust og heilbrigð og yrði sjaldan eða jafnvel aldrei veik. Mín alvarlegustu veikindi væru hiti og kvef sem ég harkaði síðan bara af mér með nóg af vatni og lýsi. Ég tæki engin lyf að staðaldri, nema þá kannski TREO eftir gott föstudagskvöld. Ég var ekki að koma til Reykjavíkur til þess að sérfræðingur að sunnan gæti sagt mér að ég væri of feit!

Þessi viðtalstími endaði þannig að við fórum heim með hormónalyf og sprautur sem við áttum að byrja á eftir að við komum heim að sunnan.

Eftir að við komum heim þá tóku við margar ferðir til Akureyrar þar sem þurfti að fylgjast með hvernig egginn væru að taka í hormónasprauturnar en helsti fylgikvilli þessarar hormónameðferðar eru fjölburar og því þarf að fylgjast vel með. Við hjónin prófuðum þetta ferli tvisvar sinnum áður en við lögðum í stóra ferðalagið sem var glasafrjóvgun. Þá fórum við aftur suður í viðtal þar sem útskýrt var fyrir okkur að þetta væri tölvvert meira inngrip og þarna væri verið að stýra líkamanum mínum tölvvert mikið með hormónum og það væri margt sem gæti farið úrskeiðis.

Sem betur fer þá gekk þessi vegferð okkar frekar smurt. Eina bakslagið sem við fengum í rauninni var þegar þurfti að hætta við eina hormónameðferð vegna þess að egginn mín voru

ekki að taka nógu vel í hormónin sem ég var að sprauta í mig og því var ákveðið að hætta, ég var látin taka einn tíðarhring í pásu og svo byrjuðum við aftur af fullu krafti.

Þetta er mjög eðlilegt því þegar maður byrjar svona ferli þá er fyrsta skiptið oftast en ekki notað til þess að finna út hvernig hver og einn tekur við hormónunum og hversu mikið þarf hverju sinni. Hver og ein kona er mismunandi og þarf því mismunandi skammt af lyfjum.

Í seinna skiptið sem við hófum ferlið þá endaði það þannig að 22 egg náðumst í eggheimtu, 11 frjóvnguðust og 7 fósturvísar komumst í frysti. Og þess ber að geta að það fara bara úrvals- fósturvísar í frysti. Einn fósturvísir var settur upp sem ætti að koma í heiminn 28. febrúar 2020.

Eftir marga þúsund kalla, kílómetra, sársauka eftir sprautur, marga andlega rússibana og sjö ára þrautagöngu þá eigum við hjónin von á frumburðinum okkar árið 2020 og ég er viss um það að ef ég get gengið í gegnum eggheimtu með ágætisgeði þá ímynda ég mér að ég geti komið barni í heiminn út úr vömbinni minni líka með ágætisgeði.

Þetta skrifaði barnlaus kona.

Bergljót Halla Kristjánsdóttir

Formaður LC-10 á Egilsstöðum